

Mánudaginn 20. apríl 1964.

Nr. 98/1963. **Skiptaráðandinn í Reykjavík f. h. dánarbús
Gunnlaugs B. Melsteðs**

(Haukur Jónsson hrl.)

gegn

Guðmundi Óskari Þorleifssyni

(Jón N. Sigurðsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómáramirnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson
og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Magnús Þ. Torfason
og Theodór B. Líndal.

Frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur með stefnu 31. júlí 1963, að fengnu áfrýj-
unarleyfi 5. s. m., skotið máli þessu til Hæstaréttar, að því
er varðar dánarbú Gunnlaugs B. Melsteðs. Krefst hann
þess, að málinu verði vísað frá héraðsdómi, að því er greint
dánarbú snertir, og að stefnda verði dæmt að greiða hon-
um málskostnað hér fyrir dómi.

Stefndi krefst þess, að frávisunarkröfunni verði hrundið
og að áfrýjanda verði gert að greiða honum málskostnað
fyrir Hæstarétti.

Þegar mál þetta var höfðað fyrir bæjarþingi Reykja-
víkur með stefnu, birtri 1. nóvember 1962, var dánarbú
Gunnlaugs B. Melsteðs undir opinberum skiptum hjá skipta-
ráðanda Reykjavíkur. Er því lýst hér fyrir dómi, að búið
sé skuldaviðgöngubú og að skipti fari fram eftir ákvæðum
4. og 5. kapítula skiptalaga nr. 3/1878. Einnig er frá því
skýrt, að skiptaráðandi hafi gefið út innköllun til skuld-
heimtumanna hinn 21. apríl 1962, og að innköllunin hafi
verið birt með lögboðnum hætti, að innköllunarfræstur hafi
verið liðinn 8. september 1962 og að kröfu stefnda hafi
verið lýst í búið hinn 16. október 1962. Eftir það höfðaði
stefndi mál þetta fyrir bæjarþinginu á hendur skiptaráð-
anda fyrir hönd dánarbúsins, svo sem að framan greinir.

Hvorki er í 4. né 5. kapítula laga nr. 3/1878 né annars

staðar í þeim lögum né í öðrum réttarákvæðum heimild til að stefna skiptaráðanda fyrir hönd dánarbús fyrir almenna dómstóla, þegar svo stendur á um búskipti og kröfur á hendur búi, sem að framan greinir. Ber því að visa málinu sjálfkrafa frá bæjarþingi Reykjavíkur, að því leyti sem því er áfrýjað.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. nóvember 1962.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. nóvember s.l., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 1/11 1962, af Guðmundi Óskari Þorleifssyni, Rauðarárstíg 3, Reykjavík, gegn dánarbúi Gunnlaugs B. Melsteðs, Rauðarárstíg 3, Reykjavík, og Jóni Magnússyni stórkaupmanni, Austurstræti 12, Reykjavík, til greiðslu víxils, að fjárhæð krónur 35.000.00, útgefins 1/12 1959 af stefnda Jóni og samþykkt af Gunnlaugi B. Melsteð til greiðslu í Útvegsbankanum hér í bæ 30. nóvember 1961, en á víxli þessum, sem fallið var frá afsögn á 28/11 1961, er stefndi Jón Magnússon ábekingur.

Hefur stefnandi krafizt þess, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða fjárhæð víxilsins, kr. 35.000.00, með 9% ársvöxtum frá gjalddaga hans 30. nóvember 1961 til greiðsludags, $\frac{1}{3}$ % fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 504.00 í stimpilkostnað og málskostnað að skaðlausu.

Stefndu hafa látið sækja þing, en ekki hreyft andmælum við stefnukröfunum. Verða þær því teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 4.700.00.

Valgarður Kristjánsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndu, dánarbú Gunnlaugs B. Melsteðs og Jón Magnússon, greiði báðir fyrir annan og annar fyrir báða stefnanda, Guðmundi Óskari Þorleifssyni, kr. 35.000.00 með 9% árs-

vöxtum frá 30. nóvember 1961 til greiðsludags, $\frac{1}{3}\%$ fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 504.00 í stimpilkostnað og kr. 4.700.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. apríl 1964.

Nr. 138/1963. **K** (Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

M (Ingi R. Helgason hdl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramarnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Magnús P. Torfason og Theodór B. Lindal.

Um blóðrannsókn í barnsfaðernismáli.

Úrskurður Hæstaréttar.

Áður en dómur er lagður á mál þetta í Hæstarétti, þykir rétt, að blóð sé af nýju tekið úr stefnda og úrtakið síðan rannsakað með hliðsjón af dómkröfum áfrýjanda í máli þessu.

Er lagt fyrir héraðsdómara að hlutast til um, að framangreind rannsókn verði framkvæmd.

Ályktarorð:

Héraðsdómara ber að annast aðgerðir þær, er að framan greinir.
